

Hljóðbókasafn Íslands
02 909

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hljóðbókasafn Íslands
kt. 650183-0459
Digranesvegi 5, 200 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hljóðbókasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um bókasöfn nr. 150/2012.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 154,4 milljónir og afkoma kr. 1,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 21,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hljóðbókasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hljóðbókasafns Íslands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Marín Guðrún Hrafnadóttir,
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	131.900.000	132.500.000
Seld þjónusta	3	17.554.000	18.462.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	3.629.846	688.572
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	1.364.473	1.387.183
Tekjur samtals		154.448.319	153.037.755
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	73.909.187	73.863.520
Annar rekstrarkostnaður	6	77.914.736	91.087.299
Afskriftir	7	1.364.473	1.387.183
Gjöld samtals		153.188.396	166.338.002
Afkoma fyrir fjármagnsliði		1.259.923	(13.300.247)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	8.775
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(10.602)	(4.038)
		(10.602)	4.737
Afkoma ársins		1.249.321	(13.295.510)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>46.818</u>	<u>61.034</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		3.819.071	3.027.467
Farartæki og vélar		<u>202.560</u>	<u>243.072</u>
		<u>4.021.631</u>	<u>3.270.539</u>
Fastafjármunir samtals		<u>4.068.449</u>	<u>3.331.573</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	10	14.297.209	18.461.028
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		251.154	418.422
Handbært fé		<u>3.131.354</u>	<u>4.018.901</u>
Veltufjármunir samtals		<u>17.679.717</u>	<u>22.898.351</u>
Eignir samtals		<u>21.748.166</u>	<u>26.229.924</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		<u>(926.047)</u>	<u>(2.175.368)</u>
Eigið fé samtals		<u>(926.047)</u>	<u>(2.175.368)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	860.304	386.380
Viðskiptaskuldir		6.834.721	14.318.097
Ýmsar skammtímaskuldir	12	7.724.700	7.181.854
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	<u>7.254.488</u>	<u>6.518.961</u>
Skuldir samtals		<u>22.674.213</u>	<u>28.405.292</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.748.166</u>	<u>26.229.924</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.249.321	(13.295.510)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	1.364.473	1.387.183
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(1.364.473)	(1.387.183)
		<u>1.249.321</u>	<u>(13.295.510)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		167.268	79.852
Tengdir aðilar		4.636.394	2.694.713
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(6.940.530)	13.344.622
		<u>(2.136.868)</u>	<u>16.119.187</u>
		<u>(887.547)</u>	<u>2.823.677</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(9.564)	(70.876)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(2.091.785)	(1.025.357)
		<u>(2.101.349)</u>	<u>(1.096.233)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		1.349	0
Fjárfestingarframlag		2.100.000	1.096.233
		<u>2.101.349</u>	<u>1.096.233</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(887.547)	2.823.677
		<u>4.018.901</u>	<u>1.195.224</u>
		<u>3.131.354</u>	<u>4.018.901</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	131.900.000	132.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	1.364.473	1.387.183
	<u>133.264.473</u>	<u>133.887.183</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	131.200.000	0	0	131.200.000
Millifært úr varasjóð	700.000	0	0	700.000
Fjárveiting til tekna	131.900.000	0	0	131.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(130.650.679)	0	0	(130.650.679)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	1.249.321	0	0	1.249.321

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	17.554.000	18.462.000
	<u>17.554.000</u>	<u>18.462.000</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	2.000.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.629.846	688.572
	<u>3.629.846</u>	<u>688.572</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	59.278.579	57.531.914
Orlof, breyting	534.800	2.786.954
Launatengd gjöld	13.391.078	13.055.413
Starfsmannakostnaður	704.730	489.239
	<u>73.909.187</u>	<u>73.863.520</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	7,3	7,1

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	873.725	3.529.176
Byggingarvörur, aðrar	9.251	0
Tæki og búnaður til innréttinga	1.195	0
Ýmis tæki og áhöld	530.961	781.312
Orkugjafar	702.898	614.905
Matvæli	1.590.503	1.682.376
Almennar rekstrarvörur	75.766	363.923
Vörukaup, almenn	3.784.299	6.971.692
Kennslu- og fönðurvörur	0	27.300
Ýmsar sérgreindar vörur	3.837.296	3.552.473
Vörukaup, sérgreind	3.837.296	3.579.773
Fundir, námskeið, risna	587.633	1.792.229
Ferðir, upphald	499.069	196.654
Akstur	118.016	22.903
Sérfræðiþjónusta	38.358.731	49.471.049
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.074.346	814.322
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	219.327	244.411
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.041.080	1.263.883
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	41.898.202	53.805.451
Samningsbundin kaup og leiga	0	10.000
Afnotagjöld	13.389.559	11.902.848
Leigugjöld	13.001.064	12.562.644
Notkun véla og flutningatækja	0	6.500
Verkkaup	1.651.919	2.044.511
Kostnaðarhlutdeild	240.764	198.880
Opinber gjöld	92.289	0
Tilfærslur	19.344	5.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	28.394.939	26.730.383
Annar rekstrarkostnaður samtals	77.914.736	91.087.299
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	1.300.181	1.336.829
Farartæki og vélar	40.512	40.512
Niðurfærsla óefnislegra eigna	23.780	9.842
	1.364.473	1.387.183

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	46.818	61.034
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021		70.876
Viðbætur á árinu		9.564
		<u>80.440</u>
Niðurfært 01.01.2021		9.842
Niðurfærsla ársins		23.780
		<u>33.622</u>
Staða 31.12.2021		<u>46.818</u>

	31.12.2021	31.12.2020
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	3.819.071	3.027.467
Farartæki og vélar	202.560	243.072
	<u>4.021.631</u>	<u>3.270.539</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2021	21.831.575	405.120	22.236.695
Viðbætur á árinu	2.091.785	0	2.091.785
	<u>23.923.360</u>	<u>405.120</u>	<u>24.328.480</u>
Afskriftir 01.01.2021	18.804.108	162.048	18.966.156
Afskrift ársins	1.300.181	40.512	1.340.693
	<u>20.104.289</u>	<u>202.560</u>	<u>20.306.849</u>
Staða 31.12.2021	<u>3.819.071</u>	<u>202.560</u>	<u>4.021.631</u>

10 Tengdir aðilar

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	14.297.209	18.461.028
	<u>14.297.209</u>	<u>18.461.028</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	860.304	386.380
	<u>860.304</u>	<u>386.380</u>

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(2.175.368)	12.999.748
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(1.879.606)
Afkoma ársins	1.249.321	(13.295.510)
Jöfnuður 31.12.	<u>(926.047)</u>	<u>(2.175.368)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	7.716.654	7.181.854
Önnur ógreidd gjöld	8.046	0
	<u>7.724.700</u>	<u>7.181.854</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	4.068.449	3.331.573
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.186.039	3.187.388
	<u>7.254.488</u>	<u>6.518.961</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	3.331.573	3.187.388	6.518.961
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.100.000	2.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.091.785	(2.091.785)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	9.564	(9.564)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(1.364.473)	0	(1.364.473)
	<u>4.068.449</u>	<u>3.186.039</u>	<u>7.254.488</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 1,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsaleigu, þjónustusamninga og aðra samninga. Greiðslur ársins 2022 vegna húsaleigu munu nema 13,6 m.kr., vegna þjónustusamninga 20,2 m.kr. og vegna annarra samninga 2,6 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.